

Farartæki - bíll

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að kynna nemendum mismunandi ferðamáta og farartæki, efnisval og viðarnytjar. Æfa sig í tálgun, heflun og fleiri þáttum smíðinnar. Verkefnið þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Samþætting, smíði, list- og verkgreinar auk samfélagsfræði, náttúrufræði, stærðfræði og lífsleikni.

Aldur: Yngsta stig og miðstig.



VERKLÝSING

Viðarkubbur er sóttur, ferskt efni í skóg eða efnisbanka, má vera þurrt. Byrjað er á að saga bút af grein sem ákvarðar lengd bílsins. Taka þarf af greininni fyrir botni bílsins og snyrta enda hennar, framhlið og bak. Það er hægt að gera með því að hefla, kljúfa eða saga kubbana til. Ef nemendur vilja gera aftanívagn, hestakerru, hjólhýsi eða slíkt er hægt að saga niður sverari grein til þeirra nota og meðhöndla hana með sama hætti.

Greinar sem standa út úr bútnum geta auðveldlega fengið að halda sér að hluta þar sem það á við en aðrar eru teknar með klippum eða sög alveg við greinina. Þegar húddið er gert á bílinn er best á láta nemendur saga aðeins ofan í kubbinn, jafnlangt og þeir vilja að húddið nái, og kljúfa bútinn svo frá með exi. Það gerir vinnubrögðin einnig fjöbreyttari. Svo þarf að þússa.

Hjólin eru síðan fest á. Þau geta nemendur sagað úr birki greinum, útbúið litlar skífur sem borað er gat í miðjuna á og þússað. Hjólin eru síðan fest á með skrúfu eða nagla, ekki fastar en svo að þau snúist. Krókar og lykkjur eða seglar eru notaðir til að tengja kerru eða aftanívagn með.

Þússa má bílinn og lita, brennimerkja ef þess er óskað og merkja einstaklingi eða fyrirtæki eftir tilgangi. Gott er að búa nemendur undir verkefnið með stuttri kynningu á farartækjum.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Gott er að búa nemendur undir verkefnið með stuttri kynningu á farartækjum: Hvaða farartæki þekkjum við? Hvernig virka þau og hvað knýr þau áfram? Ferðamáti almennt, mengun, umhverfisþættir, sjálfbærni o.fl.

Sög, tálguhnífur, handhefill, sandpappír, brennipenni, hjól (eða saga niður greinar), naglar eða skrúfur, seglar eða krókar og lykkjur. Lakk, vax eða olía til yfirborðsmeðhöndlunar.

Nota má birki eða tegundir af víðiaett. Efnið má vera 5- 10 cm á þykkt og lengdin ákvarðast af stærð bílsins og aftanívagnanna.